# BYGGINGARLÝSING

Raðhúsið, sem hýsir sex einnar hæðar íbúðir með innbyggðum bílageymslum, er staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak með þakpappa. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

(C) ÞAK. Þak er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steyptum útveggjum og stálbitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur soðin pappaklæðning. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 3 og 9 gráður.

(C) ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir á hefðbundinn hátt, og einangrað að innan með 100mm steinull og klætt með gipsi. Húsið er múrað að utan með sléttri áferð. Allir múraðir fletir verða málaðir hvítir, nema fletir við innganga og í kringum valda glugga sem verða dökkgráir.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar steyptir í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. 600mm kúlulaga þakgluggar eru yfir miðrýmum í húsum þar sem ekki verður komið við gluggum á hliðarveggjum.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftaklæðningar í bílageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitalagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bílageymslu.

(C) LOFTRÆSTING. Snyrtingar í miðjuhúsum eru loftræstar um túðu á þaki. Geymsla eru loftræst með 20mm rifu undir þröskuldslausa hurð milli geymslu og þvottahúss.

BRUNAVARNIR. Bílageymsla skal hólfuð af með Ei-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

HNOÐRAVELLIR 9
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 509,2m2, nýtingarhlutfall=0,33

HNOÐRAVELLIR 11
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 387,3m2, nýtingarhlutfall=0,44

HNOÐRAVELLIR 13
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 366,5m2, nýtingarhlutfall=0,46

HNOÐRAVELLIR 15
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 345,8m2, nýtingarhlutfall=0,49

HNOÐRAVELLIR 17
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 325,0m2, nýtingarhlutfall=0,52

HNOÐRAVELLIR 19
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 170.0m2
Heildarrúmmál: 550,0m3
Skiptarrúmmál: 455,520m3
Lóðarstærð er 430,6m2, nýtingarhlutfall=0,39

Samþykkt þann
23 OCT 2014
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson




**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

BO STÆRÐ — Björgunarop
EI-60 — Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.
EICS-60 — Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.
R — Reykskynjarar

**Grunnmynd**
**mkv. 1:100**

A - 20.11.2007 - breyttir hæðarkótar við götu.
B - 25.09.2008 - breytingar á gluggum - þakhalli úr 9° í 8° - þakgluggar teknir út
C - 22.10.2014 - breytinga á texta í byggingarlýsingu

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| aok! VERKSTÆÐI ARKITEKTA | verk: **HNOÐRAVELLIR 9-19 - Hafnarfjörður - raðhús** | | | | **0701 201** |
| VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5, 220 Hfj. - sími: 565 9779 - email: aok@aok.is | teikning: **Grunnmyndir - byggingarlýsing** | | | | |
| KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 | blaðstærð: A1 | **REYNDARTEIKNING** | mkv: 1:100 | hannað: KE / teiknað: KE | dags.: 16.júní 2007 |
| | | Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar. | | | prentað: 22.10. 2014 |